



# 590. fundur stjórnar SASS

Austurvegi 56 Selfossi

2. desember 2022, kl. 12:30 – 16:10

Pátttakendur: Grétar Ingi Erlendsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Brynhildur Jónsdóttir, Árni Eiríksson, Njáll Ragnarsson, Arnar Freyr Ólafsson. Gauti Árnason mætir í stað Ásgerðar Kristínar Gylfadóttur formanns og Jóhannes Gissurarson í stað Einars Freyrs Elínarsonar en bæði boðuðu forföll. Þá tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Varformaður býður fundarmenn velkomna.

## 1. Fundargerð

Fundargerð 589. fundar staðfest og undirrituð.

## 2. Ársþing SASS 2022

Varaformaður kynnir samþykka fundargerð nýliðins ársfundar samtakanna en hana má finna á heimsíðu SASS. Hann kynnir jafnframt ályktanir ársþingsins sem vísað var til stjórnar til frekari úrvinnslu og forgangsröðunar.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að útfæra ályktanirnar og niðurstöður ársþingsins til samræmis við umræðu á fundinum.

## 3. Sóknaráætlun Suðurlands 2023

### a. Fjárhagsáætlun 2023

Varaformaður og framkvæmdastjóri kynna drög að fjárhagsáætlun Sóknaráætlunar Suðurlands fyrir komandi starfsár sem er sett fram með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga. Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins verði 100 m.kr., framlag sveitarfélaganna 14,4 m.kr. og endurúthlutun og eftirstöðvar frá fyrra ári nemi 22 m.kr. Samtals er því áætluð fjárhæð til ráðstöfunar 136,7 m.kr. Árið 2023 er gert ráð fyrir að verja 80 m.kr. í Uppbyggingarsjóð Suðurlands, þ.e. 40 m.kr. í fyrri úthlutun ársins og 40 m.kr. í seinni úthlutun. Á árinu er ætlað að til menningarmála fari samtals 40 m.kr. og til atvinnu- og nýsköpunar samtals 40 m.kr. Til áhersluverkefna er gert ráð fyrir að verja samtals 44,7 m.kr. og 12 m.kr. fara í umsýslu og annan kostnað tengdan Sóknaráætlun. Sem fyrr segir er framangreind áætlun sett fram með fyrirvara um afgreiðslu fjárlaga.

### b. Tillögur að áhersluverkefnum

Varaformaður og framkvæmdastjóri kynna tillögur að áhersluverkefnum 2023. Hugmyndir að áhersluverkefnum hafa borist með ýmsum hætti s.s. frá hagaðilum í landshlutanum í gegnum heimasíðu samtakanna, á nýliðnu ársþingi samtakanna eða verið ræddar í stjórn.



Þegar hefur verið samþykkt að verja árið 2023 í áhersluverkefni 15 m.kr. í Orkídeu, 3 m.kr. í gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið og nýliðnu ársþingi var samþykkt að Sigurhæðir yrði áfram áhersluverkefni. Stjórn samþykkir að verja til Sigurhæða 5 m.kr. en árétta mikl vægi þess að samtökin fái fjárhagslegt uppgjör fyrir 2022 og uppfærða áætlun fyrir 2023. Kostnaður við þegar samþykkt áhersluverkefni árið 2023 er 23 m.kr.

Stjórn fer á næsta fundi yfir uppfærðar tillögur að áhersluverkefnum fyrir 2023. Ákveðið að kalla eftir nánari upplýsingum um fyrirliggjandi tillögur og bíða með afgreiðslu til næsta fundar.

c. Greinargerð um framgang Sóknaráætlunar 2021

Varaformaður kynnir greinargerð útgefna af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál og Byggðastofnun um framgang Sóknaráætlunar árið 2021. Árlega er tekin saman greinargerð um framvindu samninganna og ráðstöfun fjármuna þeirra í samræmi við ákvæði laga um byggða- og sóknaráætlanir. Í greinargerðinni er greint frá sóknaráætlunum, ráðstöfun fjárframlaga til samninganna og framkvæmd sóknaráætlana fyrir hvert ár. Einnig er greint frá hlutverki og samsetningu samráðsvettvanga landshluta og listuð upp áhersluverkefni og dæmi um verkefni uppbyggingarsjóða landshluta. Byggt er á upplýsingum úr greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Greinargerðina má finna á heimsíðu samtakanna.

Stjórn telur að Sóknaráætlun skipti landshlutana miklu máli í byggðaðróun og sé mikilvægur liður í að valdefla landshlutana, færa þeim aukni ákvörðunarvald og fjármagn til þess að efla byggð á sínum forsendum. Stjórn þakkar starfsmönnum SASS, stýrihóp Stjórnarráðsins og öðrum sem hafa komið að verkefninu fyrir gott starf.

#### 4. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 545. fundar stjórnar SSH, fundargerð 84. fundar stjórnar SSNV, fundargerðir 780. – 782. funda stjórnar SSS og aðalfundar SSS, fundargerðir 169. – 170. funda stjórnar SSV og fundargerð 914. fundar stjórnar sambandsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni og hvað framundan sé.

c. C.1 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða

Varaformaður kynnir að innviðaráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð C.1 Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða. Umsóknarfrestur er til miðnættis 20. janúar nk. Sjá: [hér](#).

SASS getur í samstarfi við haghafa á Suðurlandi sótt um framlög í sjóðinn vegna verkefna sem nýtast einstökum svæðum eða byggðarlögum innan landshlutans eða landshlutanum í heild. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.



d. Samningur um samstarf milli Íslandsstofu og landshlutasamtaka

Varaformaður kynnir drög að samningi um samstarf milli Íslandsstofu og landshlutasamtaka tengt mögulegum fjárfestingarverkefnum í landshlutanum. Stjórn SASS fagnar hugmyndum um að gera samning og samþykkir hann fyrir sitt leyti. Framkvæmdastjóra falið að undirrita hann fyrir hönd stjórnar.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 13. janúar nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 16:10

Grétar Ingi Erlendsson  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Brynhildur Jónsdóttir  
Arnar Freyr Ólafsson  
Árni Eiríksson  
Njáll Ragnarsson  
Gauti Árnason  
Jóhannes Gissurarson